

LÖG

um

breyting á lögum nr. 52, 7. maí 1928, um tilbúinn áburð.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Péttmerski, Láenborg og Aldinborg.

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

2. gr. laganna orðist svo:

Árin 1930 og 1931 er ríkisstjórninni heimilt að greiða úr ríkissjóði til flutnings á tilbúnum áburði upphæð, sem svarar til þess kostnaðar, sem af því leiðir að flytja tilbúinn áburð frá útlöndum og milli og til þeirra hafna, sem skip Eimskipafélags Íslands og strandferðaskip ríkisins koma á.

Styrkurinn greiðist hrepps-, bæjar-, búnaðar- og jarðræktarfélagum í hlutfalli við flutningskostnað á áburðinum frá útflutningshöfn til þeirra.

Við útreikning á flutningskostnaði skal þó ekki reiknað nákvæmar en svo, að öllum félögum sé skipað í nokkra kostnaðarflokka.

Ríkisstjórnin setur nánari reglur um þetta og annað, er þurfa þykir.

Búnaðarfélag Íslands annast um úthlutun styrksins og sending.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Sorgenfrihöll, 14. júní 1929.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Tryggvi Þórhallsson.